

Priðjudaginn 26. mars 1974.

Nr. 45/1973: **Sigurður A. Magnússon**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra og saksóknara ríkisins

f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

Dóمندur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.**

Handtaka. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. mars 1973. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 150.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. desember 1968 til 1. júní 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál, en áfrýjandi nýtur gjafsóknarkjara fyrir Hæstarétti í máli þessu samkvæmt 154. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 73/1973.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Í málflutningi hér fyrir dómi var því lýst, að ríkissjóður hafi „greitt að fullu málskostnað áfrýjanda í héraði“ samkvæmt 154. gr. laga nr. 82/1961.

Héraðsdómur út af sakarefni þessu var fyrst kveðinn upp hinn 27. október 1971, en sá dómur var ómerktur með dómi Hæstaréttar 9. febrúar 1973. Í dómsstefnu í héraði í því máli var stefnufjárhæð kr. 75.000.00, en hún er kr. 150.000.00 í máli þessu, sem höfðað var í héraði hinn 13. febrúar 1973. Stefndi hefur eigi hreyft andmælum gegn greindri hækkun.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi. Opinbert mál hefur eigi verið höfðað gegn áfrýjanda vegna háttsemi hans.

Samkvæmt gögnum máls var löggæslumönnum heimilt samkvæmt 1. tl. 61. gr. laga nr. 82/1961 að handtaka áfrýj-

anda og fjarlægja hann af handtökustað, enda vildi hann ekki hlíta lögmætu umferðarbanni lögreglu, en hafði uppi svigurmæli við nafngreindan lögreglumann, sem var að skyldustörfum á vettvangi, þar sem uggvænt var um upphlaup. Áfrýjandi var ásamt fleiri mönnum hafður í haldi í lögreglubifreið, en síðan í vörslu lögreglu að Síðumúla í Reykjavík, alls um það bil eina klukkustund og tuttugu mínútur, uns hann var látinn laus. Verður ekki talið, að með þessum hætti hafi áfrýjanda verið haldið föngnum það lengi, að hann eigi af þeim ástæðum rétt til bóta úr hendi stefnda. Breytir það ekki þeirri niðurstöðu, að áfrýjandi var látinn laus, áður en hann hafði verið yfirheyrður um sakargiftir, enda var það fullheimilt, og skýrsla um atburði var síðar tekin af áfrýjanda í sakadómi Reykjavíkur 6. janúar 1969.

Samkvæmt framanrituðu og að öðru leyti með skírskotun til hins áfrýjaða dóms verður ekki talið, að bótakrafa áfrýjanda hafi stoð í ákvæðum 151. gr., sbr. 150. gr. laga nr. 81/1962, nú lögum nr. 73/1973, eða öðrum réttarreglum. Ber því að staðfesta héraðsdóminn. Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 73/1973, ber að dæma stefnda til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda, kr. 20.000.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Ármanns Snævars og Einars Arnalds.

Samkvæmt gögnum máls þykir löggæslumönnum hafa verið heimilt samkvæmt 1. tölulið 61. gr. laga nr. 82/1961 að handtaka áfrýjanda og fjarlægja hann af handtökustað, enda

hafði hann uppi svigurmæli um nafngreindan lögreglumann, sem var að skyldustörfum, á vettvangi, þar sem uggvænt mátti þykja um upphlaup. Áfrýjandi var hafður í haldi í lög-reglubifreið um 20 mínútur, en síðan var honum ekið ásamt nokkrum öðrum mönnum, sem handteknir voru þar á vettvangi, að fangageymslu í Síðumúla í Reykjavík. Var áfrýjanda haldið þar fönngnum um eina klukkustund, en sleppt að svo búnu. Ráða má af gögnum máls, að varðstjóri hefur fært nafn áfrýjanda til bókar, en ekki var hann yfirheyrður á þessum tíma um sakagiftir á hendur honum. Af hálfu stefnda skortir mjög skýrslur um það, í hvaða skyni áfrýjandi var sviptur frelsi jafnlengi og raun varð á. Er ósannað, að þörf hafi verið á frelsissviptingu svo lengi. Af þessum sökum þykir áfrýjandi eiga rétt til bóta samkvæmt 151. gr., sbr. 154. gr. laga nr. 82/1961, nú 151. gr., sbr. 154. gr. laga nr. 73/1973. Við ákvörðun þeirra ber að taka tillit til framferðis áfrýjanda, sem ekki var vítalaust. Þykja fébætur til áfrýjanda hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00, og ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 21. desember 1968 til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, sbr. 154. gr. laga nr. 82/1961, nú 154. gr. laga nr. 73/1973, þar með talin málflutningslaun talsmanns áfrýjanda, kr. 20.000.00.

D ó m s o r ð :

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Sigurði A. Magnússyni, kr. 20.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. desember 1968 til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns áfrýjanda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. mars 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Sigurður A. Magnússon ritstjóri, Felli, Mosfellshreppi í Kjósarsýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 13. febrúar 1973, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og saksóknara ríkisins f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta og miskabóta að fjárhæð kr. 150.000.00 með 7% ársvöxtum frá 21. desember 1968 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál samkvæmt 154. gr. laga nr. 82/1961.

Stefndi hefur aðallega krafist algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsin, en til vara verulegrar lækkunar á fjárkröfu stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Tildrögum að kröfum stefnanda er þannig lýst í stefnu: „... að hinn 21. desember 1968 í lok fundar í Tjarnarbúð í Reykjavík, þegar stefnandi hugðist ganga heimleiðis, en hann átti brýnt erindi heim, þá veittust lögreglumenn að honum á tröppum fundarhússins, en hann var með þeim fyrstu fundarmanna, sem út komu, var honum bannað að halda leiðar sinnar og gefið í skyn, að hann hygðist taka þátt í óspektum og ólöglegri hóp göngu. Urðu nokkur orðaskipti milli Sigurðar og lögreglumannsins, en síðan skipti engum togum, að Sigurður var handtekinn og settur inn í lögreglubíl með öðru fólki, látinn bíða þar drygklanga stund í lögreglubílum, en síðar ekið til fangageymslunnar við Síðumúla og án skýringar látinn vera þar fangi í fangaklefa ásamt 7 öðrum föngum, synjað þráfallega um það að hringja heim til sín, en að lokum hringdi lögreglumaður heim til Sigurðar og tilkynnti skýringarlaust um handtöku hans og með mjög villandi hætti. Sigurður hafði þó skýrt frá mjög viðkvæmum aðstæðum á heimili sínu. Að klukkustund liðinni var Sigurði þó sleppt án skýringa. Þennan sama dag lét yfirlögregluþjónninn í Reykjavík, sem haft var samband við, í embættisnafni hafa það eftir sér í fjölmiðlum, að Sigurður hefði verið eins konar forsprakki af þeim óeirðum, sem urðu, og bendlaði hann nafn Sigurðar við þessa atburði þannig með mjög ótilhlýðilegum hætti.“

Út af atburði þeim, sem mál þetta er sprottið af, fór fram ítarleg rannsókn í sakadómi Reykjavíkur. Verða framburðir úr þeirri rannsókn nú raktir til upplýsinga á málsatvikum og þá sérstaklega að því er stefnanda máls þessa varðar. Að öðru leyti snerist rannsóknin að átökum milli hóps fundarmanna og lögreglu.

Bjarki Eliasson yfirlögregluþjónn skýrði þar svo frá: „að laugardaginn 21. desember s.l. hafi lögreglustjóra borist bréf frá Félagi róttækra stúdenta og Æskulýðsfylkingunni, þar sem greind félög tilkynna hóp göngu og blysför um borgina kl. 17 greindan dag. Í bréfinu var jafnframt greint frá þeirri leið, sem gengin yrði. Á fundi, sem haldinn var í yfirstjórn lögreglunnar, var samþykkt að leyfa ekki göngu þá leið, sem félögin tilkynntu, þar sem slíkt yrði til mikillar truflunar á umferð. Var vitninu falið að reyna að hafa samband við forráðamenn göngunnar og fá þá til að fara aðra leið. Náði vitnið ekki sambandi við neinn fyrr en Leif Jónsson á skrifstofu Æskulýðsfylkingarinnar um kl. 1440. Hann kvaðst ekki geta samið um eitt né neitt í því sambandi, en gaf vitninu samband við Ragnar Stefánsson. Skýrði vitnið Ragnari frá ákvörðun yfirstjórnar lögreglunnar og ástæðum hennar og óskaði eftir samkomulagi um aðra leið. Sagði Ragnar þá: „Þetta eru pólitískar ofsóknir, og við göngum, þar sem okkur sýnist, án þess að biðja ykkur um leyfi. Við höfum tilkynnt ykkur, hvar við ætlum að fara, og það er nóg.“ Ekki kvaðst Ragnar mega vera að frekari umræðum um málið, og lauk viðtali þeirra með því, að vitnið bað Ragnar um skilaboð til Hafsteins Einarssonar, sem undirritað hafði bréfið til lögreglustjóra. Voru skilaboðin þess efnis, að Hafsteinn hefði samband við vitnið. Ekki hafði Hafsteinn samband við vitnið, og þegar dró að fundarlokum í Tjarnarbúð, hélt vitnið þangað í því skyni að hafa tal af greindum Hafsteini. Náði vitnið tali af honum. Taldi hann í fyrstu tormerki á því að breyta gönguleið, þar sem hún hefði verið samþykkt á fundinum, eins og í bréfinu greindi, og jafnframt hefði verið samþykkt að brjótast í gegn, ef reynt yrði að hindra það. Hafsteinn samþykkti að gera sitt til þess að fá þessu breytt, og í því skyni gengu hann og vitnið út úr húsinu. Sá vitnið þá, hvar verið var að handtaka Ragnar Stefánsson. Rétt á eftir frétti vitnið, að Sigurður A. Magnússon hefði einnig verið handtekinn. Vitnið heyrði, að Ragnar hrópaði til fólksins: „Allir út á Austurvöll.“ Vitnið segir, að lögreglumenn hafi verið til staðar fyrir utan húsið, og reyndu þeir að fá fólkið til þess að bíða, á meðan reynt væri að semja um aðra gönguleið. Margir hlýddu þessu ekki og voru þegar komnir á stað út á Austurvöll með logandi kyndla og mótmælaspjöld. Virtust menn hlýða kalli Ragnars, og þyrptist fólkið út á Austurvöll. Stöðvuðu lögreglumenn fólkið þar. Vitnið kveðst hafa gengið með Hafsteini út á Austurvöll, og voru þá byrjuð átök þar. Vitnið sá að inni í mannþrönginni voru átök, en getur ekki borið um hverj-

ir þar áttust við. . . . Síðan varð samkomulag við Hafstein um að breyta gönguleiðinni, og það Hafsteinn fólkið að hlýða, og var það gert. Einu tafirnar á leiðinni urðu á mótum Pósthússtrætis og Skólabrúar, er göngumenn köstuðu blysi undir lögreglumóturhjóla, er þar stóð. Síðan stöðvaðist gangan á Skálhótsstíg við Laufásveg, en þaðan átti sendinefnd göngumanna að fara með fundarsamþykkt að bandaríska sendiráðinu, en úr því varð ekki, þar sem fundarsamþykktin var í höndum Ragnars Stefánssonar, sem handtekinn hafði verið.“

Yfirlögregluþjónninn tók það fram í framburði sínum, að hann hefði ekki séð annað af handtöku stefnanda en fætur hans, er hann var færður inn í lögreglubifreiðina, en verið tjáð síðar, að það hafi verið stefnandi málsins.

Guðmundur Kristján Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn staðfesti í rannsókn sakadóms skýrslu, er hann ritaði lögreglustjóra um „handtökur Sigurðar A. Magnússonar og Ragnars Stefánssonar“ (dskj. nr. 11), en skýrsla þessi hljóðar svo:

„Laugardaginn 21. des. 1968 kl. 17.00 hafði verið boðuð hópanga og blysför um miðborgina frá Tjarnarcafé að sendiráði Bandaríkjanna við Laufásveg, sbr. skýrslu yfirlögregluþjóns, Bjarka Elíassonar. Undirritaður var staddur við Tjarnarcafé og lögreglumenn í þrem lögreglubifreiðum vegna þess, að lögreglustjórnin hafði neitað hlutaðeigendum um leyfi fyrir göngunni um þær umferðargötur, sem tilteknar voru í tilkynningu. Þá stóð yfir fundur í Tjarnarcafé. Ég fékk fréttir frá fundinum, að samþykkt hafi verið að virða að vettugi bann lögreglunnar og ganga umrædda leið. Yfirlögregluþjónn fór inn í Tjarnarcafé til viðræðna við þann, er tilkynnt hafði bréflega um gönguna. Áður en hann kom út aftur, kom út hópur fólks með spjöld og virtist ætla í átt að Austurvelli. Ég gekk í veg fyrir fólkið, það það að fara ekki lengra, skýrði fyrir því, að neitað væri um leyfi fyrir göngu þess í hóp um miðborgina, en verið væri að semja um aðra leið. Maður, sem ég þekki fyrir Sigurð A. Magnússon, spurði þá strax mjög hvassyrstur, hvort ég ætlaði að meina sér að ganga um borgina. Ég sagði honum, að samkvæmt 74. gr. stjórnarskrárinnar væri lögreglunni heimilt að banna mannsöfnuð á almannafæri, þegar ætla mætti, að af honum leiddi óspektir. Auk þess væri umferð takmörkuð í miðborginni vegna jólanna. Er hér var komið, reiddist Sigurður mjög og var æstur og hávær, er hann sagði við fólkið, sem með honum var, að hlusta ekki á mig. Hann sagði því, að ég væri „kraftaidiot, sem þekktur væri um allt land fyrir ofbeldi.“

Ég fann, að Sigurður æsti fólkið upp gegn lögreglunni, gekk því til hans og bað hann að endurtaka stóryrðin, og gerði hann það. Á meðan leiddi ég hann að lögreglubífreið, sem var nokkra metra frá, og setti hann þar inn. Ekki veit ég, hvort Sigurður hefir haft það hlutverk að veita þessum hópi forustu eða hvort það hefur gerst óvart, en ég tel, að með þeim stóryrðum, sem hann lét falla, hafi hann kvatt til óhlýðni við lögregluna. Ég hirði ekki um að nefna öll lýsingarorðin eftir Sigurði.

Stuttu síðar kom Ragnar Stefánsson út úr Tjarnarcafé og hafði gjallarhorn meðferðis. Hópur manna fylgdi honum. Ég gekk í veg fyrir hann og ætlaði að ræða við hann, en hann vildi ekki hlusta á mig. Ég tók í hann, til að hann veitti mér athygli og áheyrn, en hann sleit sig lausan og hljóp í átt að Austurvelli. Ég hljóp á eftir honum og náði honum, áður en hann kom að Kirkjustræti. Færði ég hann að lögreglubífreiddinni, sem fyrr getur, en þar tóku lögreglumenn við honum. Hallgrímur Jónsson varðstjóri og Indriði Jóhannsson lögrbj. brugðu handjárnnum á hann og settu hann í lögreglubífreið. Á meðan þessu fór fram, hrópaði Ragnar til fólksins í sífellu: „Farið út á Austurvöll.“

Sigurður A. Magnússon var færður ásamt fleirum að lögreglustöðinni við Síðumúla, en Ragnar Stefánsson að lögreglustöðinni við Pósthússtræti. Um einni klst. síðar var þeim báðum leyft að fara leiðar sinnar.“

Síðan er framburður Guðmundar Kristjáns á þessa leið: „Vitnið kveðst hafa verið stadd fyrir utan Tjarnarbúð ásamt fleiri lögreglumönnum, um það leyti sem fundi var að ljúka þar þann 21. desember s.l. Þar var einnig staddur í bífreið Bjarki Elíasson, yfirlögregluþjónn. Vitnið hitti þarna á staðnum mann, sem verið hafði á fundinum, og sagði hann vitninu, að fundinum væri að ljúka og að þar hefði verið samþykkt að ganga þá leið, sem fyrirsvarsmenn fundarins höfðu áður boðað. Sagði vitnið Bjarka frá þessu, og fór hann inn í húsið til að hafa tal af Hafsteini Einarssyni til að semja við hann um aðra gönguleið. Á meðan Bjarki var inni í húsinu, kom hópur fólks út úr því með spjöld. Gekk vitnið ásamt Hallgrími Jónssyni, varðstjóra, í veg fyrir fólkið og bað það að bíða, þar sem verið væri að reyna að semja um aðra gönguleið. Hópur þessi mun hafa verið í kringum 20—30 manns, og í miðjum hópnum var maður, sem vitnið þekkti fyrir Sigurð A. Magnússon, en hafði þá aldrei talað við hann áður. Vitnið heyrði einhverjar óánægjuraddir í hópnum, og Sigurður A. Magnússon sneri sér að vitninu og spurði það, hvort það ætlaði að meina sér að ganga um

borgina. Endurtók þá vitnið ósk um, að fólkið dokaði við. Sigurður spurði vitnið, hvaðan því kæmi heimild til að stoppa sig af. Tjáði vitnið honum, að samkvæmt 74. gr. stjórnarskrárinnar væri lögreglunni heimilt að banna mannsafnað á almannafæri, þegar ætla mætti, að af honum leiddi óspektir. Einnig tjáði vitnið Sigurði, að umferð væri takmörkuð vegna jólanna. Spurði Sigurður þá: „Ætlar þú að fara að kenna mér stjórnarskrána, fiflið þitt.“ Síðan beindi Sigurður orðum sínum að fólkinu og sagði því að hlusta ekki á þennan asna, hann væri kraftidiot og þekktur um land allt fyrir ofbeldi. Þegar hér var komið, fann vitnið, að Sigurður var að æsa fólkið upp gegn lögreglunni. Gekk vitnið því til hans og spurði hann, hvort hann vildi endurtaka ummælin um sig, og gerði hann það, um leið og vitnið leiddi hann að lögreglubifreið, sem var þarna rétt við. Fór Sigurður inn í bifreiðina mótþróalaust, og lauk þar með afskiptum vitnisins af Sigurði.“

Hallgrímur Jónsson lögregluvarðstjóri skýrði svo frá í framburði sínum í sakadómsrannsókninni, að því er stefnanda varðar, á þessa leið:

„Vitnið segir, að Guðmundur Hermannsson hafi ávarpað hóp manna, sem komnir voru út úr húsinu, og beðið þá um að fara ekki niður í miðborgina fyrirhugaða gönguleið. Vitnið segir, að Sigurður A. Magnússon hafi orðið fyrstur til að andmæla Guðmundi. Heyrði vitnið, að hann sagði við Guðmund, að hann væri kraftaidiót og landskunnur ofbeldismaður. Heyrði vitnið, að Guðmundur spurði Sigurð, hvort hann vildi endurtaka þetta, og gerði Sigurður það, a. m. k. að því er snertir fyrri hluta ummælanna. Að öðru leyti fylgdist vitnið ekki með orðaskiptum þeirra, þar sem það var upptekið við önnur störf á staðnum. Hins vegar sá vitnið, að Guðmundur færði Sigurð að lögreglubifreiðinni. Í framhaldi af handtöku Sigurðar handtöku aðrir lögreglumenn fleiri fundarmanna.“

Einar Halldórsson lögreglumaður segir svo frá í rannsókn sakadóms:

„Vitnið kveðst hafa verið statt fyrir utan fundarstaðinn við Tjarnarbrú á samt fleiri lögreglumönnum. Vitnið kvaðst hafa verið statt skammt frá Guðmundi Hermannssyni og heyrði, að hann átti í hörðum deilum við mann, sem vitnið bar ekki kennsl á í fyrstu. Vitnið kveðst hafa fært sig nær þeim og heyrði þá orðaskil. Heyrði vitnið Sigurð fullyrða, en vitnið tekur fram, að það hafi séð, að um var að ræða Sigurð A. Magnússon, að hann hefði fullan rétt á að fara, hvar sem hann vildi, þar sem hann hefði verið gestur

fundarins, en bæri ekki ábyrgð á honum. Þá heyrði vitnið Sigurð segja, að Guðmundur væri kraftaidiót. Annað þorir vitnið ekki að fullyrða um viðræður þeirra.“

Helgi Sigurður Jónsson lögreglumaður skýrði þar svo frá m. a.:

„Vitnið kveðst hafa verið statt fyrir utan Tjarnarbúð, þegar fundinum var að ljúka þar. Vitnið stóð álangdar þar, sem Guðmundur Hermannsson var að ræða við Sigurð A. Magnússon. Heyrði vitnið Sigurð fara niðrandi orðum um Guðmund og taldi hann ekki geta heft för sína. Ekki telur vitnið sig geta fullyrt orðrétt, hvað þeim fór á milli.“

Hafsteinn Einarsson, stud. jur., skýrði frá því við sakadómsrannsóknina, að hann væri einn af þremur í stjórn félags róttækra stúdenta og einnig vera í sjö manna framkvæmdanefnd Æskulýðsfylkingarinnar, en hún hafi staðið einnig að greindum fundi og fyrirhugaðri göngu. Síðan skýrði Hafsteinn svo frá á þessa leið:

„Mætti kannast við að hafa undirritað bréf það, sem lögreglustjóra var sent, þar sem fyrirhuguð gönguleið var tilkynnt. Mætti segir, að gönguleiðin hafi verið ákveðin á fimmtudeginum eða föstudeginum fyrir fundinn. Mætti kveðst ekki hafa rætt við Bjarka Elíasson um þá ósk lögreglunnar, að gönguleiðinni yrði breytt, fyrr en að loknum fundi eða í þann mund, sem gangan skyldi hefjast. Mætti kveðst hafa frétt það á fundinum, að lögreglan hefði óskað eftir því, að gönguleiðinni yrði breytt, en segir, að það hafi verið almennt samkomulag fundarmanna að fara fyrirhugaða gönguleið. Mætti kveðst hafa álitnið, að fundarmenn fengju að ganga fyrirhugaða leið þrátt fyrir tilmæli lögreglunnar um annað, og ekki kveðst hann hafa skilið tilmæli hennar á þann veg, að til banns myndi koma. Segist hann hafa fyrst heyrt það á Bjarka Elíassyni í lok fundarins, að um bann yrði að ræða við fyrirhugaðri gönguleið. Kveðst mætti þá hafa lofað Bjarka Elíassyni að ræða við félagi sína um breytta gönguleið, en þegar þeir Bjarki komu út úr fundarhúsinu, var búið að handtaka Ragnar Stefánsson. Segir mætti, að það hafi ekki bætt aðstöðuna til að ræða við forustumenn samtakanna.“

Mætti kveðst hafa fylgst með Bjarka Elíassyni langleiðina út á Austurvöll, og þegar þangað var komið, kveðst hann hafa gert sitt til þess að fá fólkið til að fara aðra gönguleið, eftir að til nokkurra átaka var komið.“

Þá var í sakadómsrannsókninni einnig tekin skýrsla af stefnanda. Þar segir orðrétt svo:

„Mætti kveðst hafa verið að koma út af fundinum í Tjarnar-

búð og hafa verið kominn nokkurn spöl frá tröppum hússins, þegar Guðmundur Hermannsson gekk í veg fyrir mætta. Mætti var einn á ferð, en kunningi hans rétt á eftir. Ekki man mætti til þess, að neinn hafi verið í kringum þá, en lögreglumenn rétt á næstu grösum. Mætti segir, að Guðmundur hafi sagt við sig, að hann færi ekki út á Austurvöll. Kveðst mætti hafa spurt Guðmund að því, hvaða heimild hann hefði til að hefta ferðir sínar. Vísaði Guðmundur í því efni til ákveðinnar greinar í stjórnarskránni, sem heimilaði lögreglunni að hefta ferðir manna, ef hætta væri á óspektum. Þá svaraði mætti Guðmundi á þann veg, að hann væri kraftidiót, ef hann héldi, að hann gæti túlkað stjórnarskrána á þann veg, að hann gæti heft ferðafrelsi mætta án nokkurs til-efnis. Ekki kannast mætti við það að hafa sagt við Guðmund, að hann væri landskunnur ofbeldismaður. Síðan bað Guðmundur mætta að endurtaka ummæli sín, og gerði hann það, og var hann síðan færður í lögreglubifreið af Guðmundi og öðrum lögreglu-manni til.“

Það kemur fram í framburði Ragnars Kristjáns Stefánssonar í sakadómsrannsókninni, að áformuð gönguleið fundarmanna skyldi vera um Aðalstræti og Austurstræti að bandaríska sendiráðinu, og skyldi gangan hefjast frá Austurvelli.

Í bréfi til lögmanns síns, dags. 18. mars 1969, lýsir stefnandi ítarlega atburðarás, að því er sig varðar. Þó þar sé að sumu leyti endurtekning á því, sem fram kemur í skýrslu hans í sakadómsrannsókninni, þá þykir rétt til frekari upplýsinga í málinu að rekja þá skýrslu, en þar segir svo:

„Umræddan dag fór ég á fund um Vítanammálið í Tjarnarbúð, sem haldinn var að tilhlutan Æskulýðsfylkingarinnar og Félags róttækra stúðenta. Aðalræðumaður var bandarískur stúðentaleiðtogi, sem skýrði frá baráttunni gegn Vítanam-stríðinu í heimalandi sínu. Með mér á fundinum var þýskur maður, Peter Behrens auglýsingateiknari, sem nú er kennari norður í Miðfirði. Í fundarlok skýrði Ragnar Stefánsson viðstöddum frá því, að fyrir stundarfjórðungi hefði borist bann lögreglunnar við fyrirhugaðri mót-mælagöngu um ákveðnar götur í miðbænum, en hvatti menn til að virða það að vettugi, þar eð hér væri um að ræða pólitíska of-sókn. Kvað hann gönguna mundu hefjast frá Austurvelli strax að fundi loknum.

Síðan var fundi slitið, og fólk gekk af fundarstað. Við Peter vorum innarlega í salnum, þannig að við lentum einhvers staðar

nálægt miðri þvögunni, sem kom út úr Tjarnarbúð, og urðum við-skila í anddyrinu. Þegar ég hafði gengið nokkra metra frá tröpp-um Tjarnarbúðar, varð fyrir mér Guðmundur Hermannsson lög-regluþjónn og einhverjir samstarfsmenn hans. Guðmundur lagði blátt bann við því, að ég legði leið mína út á Austurvöll. Ég spurði, með hvaða rétti hann hefti ferðafrelsi friðsamra borgara um borg-ina. Hann kvaðst gera það samkvæmt 74. grein stjórnarskrárinn-ar, sem heimilaði lögreglunni að banna mönnum að safnast sam-an, ef hætta væri á óspektum. Ég þóttist hvorki ætla að efna til óspekta né taka þátt í óspektum, og voru því viðbrögð mín við yfirlætisfullri og gikkislegri framkomu lögregluþjónsins þau, að ég kallaði hann *kraftidiót* (sem hann mun hafa tekið fyrir krafta-idiót), ef hann teldi sig geta heft ferðir mínar á þeirri fáránlegu forsendu, að hann hefði afráðið, að ég hygðist hvetja til, efna til eða taka þátt í óspektum. Lögregluþjónninn bað mig endurtaka þessi orð, sem ég gerði fúslega, og skipti þá engum togum, að ég var gripinn af Guðmundi og félaga hans og færður í nálægan lög-reglubíl. Þar varð löng bið, meðan verið var að fylla vagninn, en um síðir var ekið inn í Síðumúla, þar sem fangarnir, átta talsins, voru lokaðir inni í klefa, þar sem einungis voru sæti fyrir fimm. Hin þrjú urðu að sitja á gólfinu eða standa. Við reyndum að fá upplýsingar um sakargiftir, en fengum þau svör ein hjá viðstödd-um lögregluþjónum, að þeir vissu ekkert um málavexti. Þá báðu þrír bandingjanna um leyfi til að hringja, en var synjað um það, enda þótt enginn vissi, hve lengi okkur yrði haldið. Svo vildi til, að konan mín lá á fæðingardeildinni og fjögur börn, sem áttu að vera í gæslu ömmu sinnar fram að kvöldmat, og sennilega hafa þessar aðstæður valdið því, að varðstjórinn varð við ítrek-uðum tilmælum mínum og hringdi heim til mín. Þar varð tengda-móðir mín fyrir svörum og fékk þær upplýsingar einar, að ég væri í haldi hjá lögreglunni, en var synjað um allar frekari skýr-ingar. Hinsvegar var henni tjáð, að hún gæti fengið nánari upp-lýsingar á lögreglustöðinni. Þar var fyrir svörum Axel Kvaran varðstjóri og veitti þær upplýsingar, að „kommalýður“, „Tjarn-argötuskrill“ og annar óþjóðalýður hefði staðið að óspektum í miðbænum, og því væri ég í haldi. Morguninn eftir hringdi hún í Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóra og kvartaði yfir munnsöfnuði varðstjórans, en fékk þau svör, að hann væri kurteis og siðprúður starfsmaður. Lögreglustjóri lét þess getið, að full ástæða hefði verið til að handtaka mig, enda hefði hann fjölda vitna um fram-

ferði mitt við Tjarnarbúð. Ef ég hefði málssókn í huga, kvaðst hann geta upplýst, að hún væri vitavonlaus, og mundi ég ekki hafa betra af að leggja út í málaferli.

Þegar við bandingjarnir höfðum verið í haldi um klukkustund og nöfn okkar, fæðingardagar og heimilisföng skráð hjá varðstjór-anum, var okkur sleppt skýringarlaust — eins og ekkert væri eðli-legra eða sjálfsagðara en svipta óbreytta borgara frelsi, þegar einstökum lögregluþjónum byði svo við að horfa.

Í sjónvarpsfréttum að kvöldi 21. desember og í Morgunblaðinu daginn eftir lét Bjarki Eliasson yfirlögregluþjónn hafa það eftir sér, að ég hefði komið út úr Tjarnarbúð í broddi fundarmanna og hvatt til óspekta, og þess vegna hefði ég verið tekinn. Þessum framburði breytti yfirlögregluþjónninn svo í útvarpsþættinum „Daglegt líf“, þegar við leiddum saman hesta okkar um viðburðina 21. desember. Þá sagði hann, að ég hefði verið handtekinn vegna þess, að ég hefði tekið þátt í mótmælagöngunni, sem hefði hafist við dyrnar á Tjarnarbúð. Hann viðurkenndi þó, að gangan sjálf hefði ekki verið bönnuð, heldur einungis för hennar um tilteknar götur, þannig að þessi skýring hans virðist á veikum stöðum reist, auk þess sem ég og allir, sem ég hef talað við um málið, telja það fjarstæðu, að gangan hafi hafist við Tjarnarbúð. Hún átti að hefjast á Austurvelli og var ekki hafin, þegar ég og fleiri vorum sviptir ferðafrelsi.“

Bréf þetta staðfesti stefnandi hér fyrir dómi og kvað þar rétt skýrt frá atburðum. Í sama þinghaldi skýrði hann einnig svo frá, að hann hefði ekki vitað um fyrirhugaða göngu, er hann fór á fundinn, en kveðst hafa frétt um hana á fundinum sjálfum. Um fundinn kvaðst hann ekki hafa vitað með neinum fyrirvara. Kvaðst hann hafa verið með nokkrum kunningjum sínum í veitingahúsinu Nausti um kaffileytið umræddan dag, þ. á m. Thor Vilhjálmssyni, og kvaðst hann muna, að enginn þeirra manna hafi vitað um fundinn. Hann kvaðst telja, að hann hafi hitt Peter Behrens í miðbænum eftir fundinn með kunningjum sínum og farið með honum á margnefndan fund. Thor Vilhjálmsson rithöfundur skýrði svo frá hér fyrir dómi, að hann hafi verið með nokkrum kunningjum sínum á fundi í veitingahúsinu Nausti um eftirmiðdag nefndan dag. Tók hann það fram, að á þeim fundi hafi ekki verið um það rætt milli þeirra félaga, að fundur um Víetnam-mál yrði í Tjarnarbúð þá um daginn. Hann kvað þá félagana hafa farið hvern í sínu lagi eftir þann fund, sem þeir áttu saman í veitingahúsinu. Kvaðst

hann sjálfur ekki muna eftir því, að hann hafi þá vitað um fundinn í Tjarnarbúð.

Peter Behrens tamningamaður hefur komið hér fyrir dóm. Staðfesti hann þá bréf sitt til lögmanns stefnanda, dags. 28. mars 1968 (sic), en það hljóðar svo:

„Við Sigurður A. Magnússon hittumst að kvöldi 21. des. 68 í Tjarnarbúð. Ég sat einn við borð í salnum, þegar Sigurður kom inn og settist hjá mér. Samtal okkar snerist um persónulegt mál, þangað til fundurinn byrjaði. Á meðan á fundinum stóð, spurði ég eitt og annað í sambandi við ræðumennina, sem ég kannaðist ekki við. Ekki var mér kunnugt um, er ég fór á fundinn, að nein kröfuganga ætti að vera að honum loknum. Ég var óákveðinn, hvort ég skyldi taka þátt í göngunni, og beið með nokkurri forvitni, hvort Sigurður mundi ekki tala um, hvort hann ætlaði að taka þátt eða ekki. En Sigurður minntist ekki á það. Nokkur þrengsli sköpuðust, þegar fólk fór fram í anddyrið til þess að ná í yfirhafnirnar. Ég sá Sigurð taka frakkann sinn, rétt áður en ég kom að fatahenginu. Mundi ég svo, að ég hafði gleymt tösku við borðið í salnum, og fór að ná í hana. Þegar ég gekk svo úr húsinu, sá ég, að á götunni úti var allt á ringulreið. Voru þar lögregluþjónar og fólk á hlaupum, hávaði nokkur, hróp og köll, og heyrði ég einhvern segja, að S.A.M. hefði verið handtekinn. Ég átti bágð með að trúa því, spurði næsta mann og fékk staðfestingu á því, að svo væri. Ákvað ég þá að reyna að finna Sigurð til þess að komast að því, hvað skeð hafði. Við lögreglubíl, sem stóð rétt hjá, var lögregluþjónn að berja mann, sem lá að hálfu leyti í bílnum. Aðrir lögregluþjónar stóðu þar aftan við bílinn. Spurði ég þá, hvort Sigurður A. Magnússon væri í bílnum. Því var neitað. Ég fór á varðstöð lögreglunnar í Pósthússtræti, spurði þar eftir Sigurði, en fékk engar upplýsingar. Hringdi ég þá í lögreglustöð Síðumúla, og var mér synjað svars við spurningu minni. Seinna um kvöldið hringdi ég heim til Sigurðar, og var hann þá kominn heim til sín.“

Vitnið Grímur A. S. Engilberts ritstjóri hefur skýrt frá hér fyrir dómi á þessa leið:

„Vitnið kveðst hafa verið að koma úr vinnu sinni milli kl. 4 og 6 laugardaginn 21. desember. Kveðst vitnið hafa ætlað sér á fund þennan, en um það leyti sem hann hafi að komið, hafi fundinum verið að ljúka. Kveðst vitnið hafa komið Vonarstrætismegin að Tjarnarbúð, og er hann hafi þar að komið, hafi hann séð, að lögregluþjónar voru við inngang hússins. Segir vitnið, að þarna hafi

verið menn að koma út úr húsinu með áletruð spjöld, sem vitnið kveðst ekki muna nú, hvað á stóð, en er mennirnir hafi komið út með spjöldin, hafi lögregluþjónarnir rifið spjöldin af mönnunum og brotið.

Vitnið segir, að hann hafi tekið eftir, að stefnandi málsins hafi verið í „pexi“ við lögregluþjóna við dyrnar. Segir vitnið, að það hafi séð, að stefnandi hafi verið í „pexi“ við Guðmund Hermannsson, lögregluþjón, sem að álitni vitnisins hafi verið í fyrirsvari fyrir lögreglumennina á staðnum. Vitnið kveðst muna, að lögregluþjónninn hafi tekið í öxl stefnanda, en kveðst þó ekki geta full- yrt um það, hvort stefnandi hafi verið færður inn í lögreglubíl, en lögregluþjónninn hafi farið með stefnanda út úr hópnum á stað- num, enda hafi verið í sundinu við staðinn mikið uppnám.

Vitnið segir, að þá er hann hafi komið á staðinn, hafi fundar- menn verið að koma út af fundinum. Hafi þeir verið með spjöld og fána, en lögreglusveit hafi rifið af þeim spjöldin og brotið, eins og áður segir. Vitnið segir, að lögreglumennirnir hafi verið all margir og segir, að þeir hafi verið við dyrnar, er fundinum lauk, en síðan hafi fleiri lögreglumenn bæst við frá lögreglubifreiðum, sem að álitni vitnisins hafi verið í námunda við húsið. Vitnið segir, að af þessari ástæðu hafi orðið átök í sundinu við húsið. Tekur vitnið fram, að honum hafi verið ógnað af lögreglumönnunum og hafi honum verið skipað að koma sér burtu, en vitnið segir, að lögreglumennirnir hafi verið með kylfur á lofti og því hafi sér skilist, að með ógnuninni fælist hótun um barsmíðar eða hand- töku.“

Ásta Jónasdóttir, tengdamóðir stefnanda, hefur gefið vottorð í málinu, dags. 10. janúar 1969, en það hljóðar svo:

„Milli klukkan 5 og 6 mánuaginn 23. desember 1968 hringdi síminn á heimili dóttur minnar, Svanhildar Bjarnadóttur, og tengdasonar, Sigurðar A. Magnússonar, að Kleppsvegi 2, en ég var þar stödd við gæslu fjögurra barnabarna minna, því Svanhildur var rúmliggjandi á fæðingardeildinni eftir að hafa alið fimmta barn sitt. Í símanum var varðstjóri lögreglunnar í Síðumúla og tjáði mér, að Sigurður „sæti inni“, eins og hann orðaði það. Þegar ég bað um frekari skýringar, kvaðst hann ekki geta veitt þær, en benti mér á að hringja niður á lögreglustöð, ef ég vildi fá nán- ari upplýsingar. Ég hringdi þangað, og þar varð fyrir svörum Axel Kvaran varðstjóri. Þegar ég bað hann veita mér upplýsingar um handtöku Sigurðar, fór hann fyrst undan í flæmingi, en sagði svo að lokum, að það væri þetta venjulega: kommalýður og Tjarn-

argötuskríll hefði staðið fyrir óspektum í miðbænum, og auðvitað hefði Sigurður tekið þátt í þeim.

Morguninn eftir, þriðjudaginn 24. desember, hringdi ég í Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóra og bar mig upp undan svörum varðstjórans og þeirri óvirðingu, sem hann hefði sýnt aðstandendum Víetnamfundarins í Tjarnarbúð, meðan hann gegndi embættisstörfum. Lögreglustjórinn svaraði því til, að Axel Kvaran væri kurteis og siðprúður maður, og hann sagði mér ennfreður í löngu og mjög óhefluðu máli, að full ástæða hefði verið til að handtaka Sigurð A. Magnússon, enda hefði hann fjölda vitna að framferði Sigurðar fyrir utan Tjarnarbúð. Sigurður hefði viljað fá óeirðir og fengið þær, hann hefði viljað fá að fara í Steininn og fengið það, enda hefði hann átt það fyllilega skilið. Hann gat þess sérstaklega, að ef Sigurður hefði í huga málssókn, þá gæti hann upplýst mig um það, að hún væri vitavonlaus. Sigurður mundi ekki hafa betra af að leggja út í málaferli. Öll framkoma lögreglustjóra var að mínu viti fruntaleg og ósamboðin opinberum embættismanni. Eftir samtalið við lögreglustjóra hef ég ekki haft önnur afskipti af þessu máli.“

Vottorð þetta staðfesti Ásta hér fyrir dómi að vera rétt skýrt frá atburðum með þeirri athugasemd þó, að í stað þess, að í vottorðinu er getið mánudagsins 23. desember 1968, eigi að vera laugardaginn 21. það ár.

Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn hefur komið fyrir dóm. Skýrði hann svo frá, að hann kvaðst ekki vita til þess, að stefnandi hafi átt þátt í boðun margnefnds fundar eða framkvæmd hans að öðru leyti. Gat hann þess, að afskipti sín sem embættismanns af fundinum hafi eingöngu verið að ákveða leið fundarmanna að bandaríska sendiráðinu utan við sjálfan miðbæinn, sem í upphafi var ákveðið að farin yrði af fundarboðendum. Lögmaður stefnanda óskaði Bjarka spurðan þessarar spurningar: „Veit vitnið til þess, að stefnandi hafi með einhverjum hætti tekið þátt í eða vitað um undirbúning og framkvæmd umrædds fundar og mótmælagöngu?“ Þessari spurningu svaraði Bjarki neitandi. Bjarki tók fram, að leiðin frá húsinu hafi verið greið í Vonarstræti, þannig að hverjum fundarmanni hefði verið auðvelt að fara frá húsinu til Vonarstrætis án þess að mæta hindrun lögreglumanna. Undir Bjarka voru borin ummæli, sem eftir honum eru höfð í Morgunblaðinu 24. desember 1968, en þau hljóða svo:

„... Er við komum út úr Tjarnarbúð, þá var verið að handtaka Sigurð A. Magnússon, ritstjóra, og Ragnar Stefánsson. Sig-

urður hafði komið út og var stöðvaður eins og aðrir. Hvatti hann fólkið til þess að sinna ekki tilmælum lögreglunnar, og svo gerði einnig Ragnar. Loks lenti Sigurður í orðaskaki við Guðmund Hermannsson, aðstoðaryfirlögregluþjón, sem hann kallaði „landsþekktan kraftidiot og ofbeldismann“. Endurtók Sigurður þetta og hvatti enn fólk til að sinna ekki tilmælum lögreglunnar.“

Bjarki kvaðst ekki vefengja, að eftir sér séu höfð ummæli þessi, en gat þess, að hann hefði við blaðamanninn byggt á lögregluskýrslu Guðmundar Hermannssonar, sem áður getur, (dskj nr. 11).

Guðmundur Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn kom og hér fyrir dóm. Fyrir hann var lesin lögregluskýrslan á dskj. nr. 11, en hann kvaðst hafa samið skýrsluna og taldi sig nokkuð öruggan um það, að hann hafi samið skýrsluna að kvöldi 21. desember 1968.

Lögmaður stefnanda lagði síðan orðrétt bókaðar spurningar fyrir Guðmund, en hann svaraði og orðrétt. Þykir af þeim sökum rétt að taka það allt í heild, en það hljóðar svo:

„Lögmaður stefnanda spyr vitnið: „Telur vitnið að stefnandi hafi verið forsprakki eða fyrirsvari fyrir fólkið þarna á staðnum?“

Vitnið svarar: „Ég held ekki, enda hef ég ekki tilefni til að álíta svo.“

„Veit vitnið um það, hvort stefnandi var einn á ferð í umrætt sinn eða ásamt öðrum?“

„Ég veit ekki til þess.“

„Kom það fram í umrætt sinn, hvort stefnandi ætlaði þessa leið til þess að taka þátt í hóp göngu eða hvort hann var í öðrum erindum, t. d. á heimleið?“

„Það kom ekki fram, en ég álít, að hafi hann ætlað einn eitthvað annað en hópinn, hafi engin fyrirstaða verið til slíks.

„Hver var ástæða, að vitnið handtók stefnanda í umrætt sinn?“

„Ég fann, að hann hvatti hóp fólks til að óhlýðnast skipunum mínum og að sú hvatning bar árangur.“

„Í hverju var sú hvatning fólgin, og beindi stefnandi hvatningum eða orðum til annarra en vitnisins í umrætt sinn?“

„Hvatningin var sögð til fólksins um að taka ekki mark á orðum mínum, og henni var fylgt með áherslu á, að ég væri kraftidiot og þekktur fyrir ofbeldi.“

Lögmaður stefnanda spyr: „Hver var tilgangur vitnisins með því að biðja stefnanda að endurtaka ummæli sín í umrætt sinn?“

„Ég gerði það til þess að leiða hug hans frá því, að ég væri að fara með hann að lögreglubífreiddinni.“

„Taldi vitnið ekki hættu á því, að endurtekin ummæli hefðu hvetjandi áhrif á þá, sem til heyrðu?“

„Ég hugsaði ekki út í það, mat það meira að þurfa ekki að beita harðræði við handtöku, enda hættulegt í hópi fólks.“

„Var nokkur ástæða til þess að ætla, að stefnandi myndi sýna líkamlegan mótþróa við handtöku eða geta gert það með nokkrum árangri?“

„Nei, en hann var umkringdur af fólki.“

„Er það mat vitnisins, að nauðsynlegt hafi verið að fangelsa stefnanda?“

Svarar vitnið þessu neitandi.““

Matthías Sveinbjörnsson lögregluvarðstjóri skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hafi á hér umræddum tíma verið varðstjóri í fangageymslu lögreglunnar við Síðumúla. Síðan á sama við um þetta vitni um spurningar og svör eins og getið er, að því er Guðmund Hermannsson varðar, og verður framburðurinn orðrétt upptekinn, en hann hljóðar svo:

„Lögmáður stefnanda spyr vitnið: „Hver gaf fyrirmæli um það, að stefnandi skyldi settur í klefa?“

Vitnið kveður þá varðstjórana í fangageymslunni ekki taka ákvörðun um réttmæti geymslu á mönnum á staðnum, heldur taki þeir við þeim án þess að kanna sérstaklega réttmæti gæsluvistar.

„Hver gaf fyrirmæli um það, að stefnandi skyldi látinn laus?“

Vitnið segir, að fyrirmæli um slíkt hafi komið símleiðis frá aðalstöð lögreglunnar.

„Minnist vitnið þess, að stefnandi bæði um að fá að hringja heim til sín, áður en hann var settur í fangaklefan eða á meðan hann var í fangaklefanum?“

Vitnið segir, að fólk það, sem flutt var til fangageymslunnar, hafi ekki verið sett í fangaklefa, heldur hafi það verið í sérstöku biðherbergi, en það sé þó lokað til útgöngu. Kveðst vitnið telja sig muna, að stefnandi hafi beðið um að fá að hringja til þess að láta vita, hvar hann væri niður kominn, þar sem kona sín væri um það leyti að ala barn. Telur vitnið sig minna, að hann hafi leyft stefnanda að hringja í símann.

Sérstaklega aðspurður kveður vitnið vel geta verið, að hann hafi sjálfur hringt á heimili stefnanda, enda segir vitnið, að það sé venja varðstjóra fangageymslunnar, að varðstjórinn hringi í slíkum tilvikum, en ekki sá, sem færður er til geymslu. Hafi vitn-

ið sjálft hringt, þá muni hann hafa neitað stefnanda að hringja sjálfum.“

Vitnið Sveinn Aðalsteinsson námsmaður kvaðst hafa verið á fundi í Tjarnarbúð, þegar „Vietnamfundur“ var haldinn þar hinn 22. (sic) desember 1968. Undir lok fundarins kvaðst vitnið hafa heyrt, að farið yrði í mótmælagöngu af fundinum, og skyldi safnast saman við stytta Jóns Sigurðssonar á Austurvelli. Sagði vitnið, að það hafi ekki viljað taka þátt í slíku og því yfirgefið fundinn í lok hans og ætlað sér til innkaupa í miðborginni. Tók vitnið fram, að þá er hann hafi komið út, hafi hann séð fylkingu lögreglumanna mynda hálfhring í porti við húsið. Hafi sér komið þetta á óvart, þar sem vitnið kvaðst ekki hafa heyrt inni á fundinum, að boð eða bönn hefðu verið gerð af hálfu lögreglufyrvalda í sambandi við fundinn eða þá göngu, sem vitnið hafði frétt um á fundinum, að fyrirhuguð væri. Gat vitnið þess, að hann hafi verið með þeim fyrstu til að yfirgefa fundarsalinn í þeim tilgangi að losna við þrengsli og hafi stefnandi verið á undan sér út úr húsinu, og kvaðst vitnið hafa haft sjón á stefnanda út. Sagði vitnið, að Guðmundur Hermannsson lögregluvarðstjóri hafi staðið aftan við lögreglufylkinguna, þá er hann hafi komið út úr húsinu. Er stefnandi hafi birst á tröppum hússins, hafi Guðmundur Hermannsson olnbogað sig fram fyrir lögreglufylkinguna og gefið sig á tal við hann. Hafi þetta verið rétt við útgang hússins, enda hafi fundarmönnum verið meinuð brottför af lögreglulíðinu. Ekki kvaðst vitnið muna orðaskipti þeirra stefnanda og Guðmundar Hermannssonar, en einhver orðaskipti hafi farið fram milli þeirra. Hafi Guðmundur Hermannsson síðan tekið stefnanda höndum og fært hann burt að lögreglubífrið, sem staðið hafi í Vonarstræti, og tveir lögregluþjónar verið með Guðmundi við þær aðgerðir. Hafi stefnandi ekki sýnt móthróa við þær aðgerðir lögreglumannanna.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á XVIII. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961, á almennu skaðabótareglunni, á reglum íslensks réttar um bótaábyrgð hins opinbera á skaðaverkum og gáleysi starfsmanna sinna, lögum nr. 11/1954 um fullgildingu Evrópuráðs-samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, 5. gr., 5. mgr., sbr. 1. mgr., sbr. 1. mgr. B, sbr. 2. mgr., 4. gr. og 10 gr. tilkynningar lögreglustjórans í Reykjavík, nr. 4/1968, reglum fyrir lögreglumenn og fangaverði og að lokum þeim almennu reglum, sem gilda um framkvæmd og auglýsingu á ákvörðunum lögreglunnar í Reykjavík um sérstaka umferðatálma. Engin ákæra hafi verið gerð á hendur þeim aðiljum, sem til marg-

nefnds fundar hafi boðað, eða öðrum þeim, sem kynnu að hafa æst til móþbróa gegn lögreglumönnum á staðnum. Sjálfur hafi hann á engan hátt átt þátt í slíku. Hann hafi farið til fundarins eingöngu til áheyrnar sem aðrir borgarar. Að fundinum loknum hafi hann ætlað að hraða sér til heimilis síns skemmstu leið, sem var yfir Austurvöll, en ekki taka þátt í mótmælagöngunni, enda hafi hann þurft að hraða sér þangað af persónulegum ástæðum. Er hann hafi verið kominn nokkra metra frá tröppum hússins, hafi hins vegar Guðmundur Hermannsson lögreglumaður heft ferð sína og neitað sér að halda áfram hina ætluðu leið. Hafi hann eingöngu viljað fá skýringu lögreglumannsins á aðgerðum hans. Þótt lögregluyfirvöld hafi heimild undir vissum kringumstæðum til þess að stemma stigu við mannsöfnuði á almannafæri eða kröfugöngum, þá verði að gera þá kröfu til þeirra yfirvalda, að slíkt bann sé birt skiljanlegum hætti fyrir þeim, sem slíku banni eiga að hlýða. Slíkt bann hafi eigi verið gert í hér umræddu tilviki, og alls ekki gagnvart stefnanda, enda ljóst af skjölum málsins, að lögregluyfirvöld voru í samningum inni í húsinu við fundarboðendur um að hafa aðra gönguleið en fundarboðendur höfðu fyrirfram ákveðið. Hafði því bann lögregluyfirvaldanna eigi legið fyrir hendi, er stefnandi yfirgaf fundarstað. Þessum spurningum stefnanda hafi eingöngu verið svarað með þjósti af hálfu lögreglumannsins. Hafi þeir tveir lítilla karpað um þessi atriði, en þá hafi engum togum skipt, að lögreglumaðurinn hafi fært sig að lögreglubifreið, sem skammt frá stóð, hann verið settur inn í hana ásamt nokkrum öðrum fundarmönnum, látinn dvelja þar nokkra stund og sér síðan ekið í bifreiðinni til fangageymslu lögreglunnar við Síðumúla. Hafi sér og þar verið meinað að hringja til heimilis síns til að láta vita um dvalarstað sinn. Hafi öll þessi meðferð á sér verið gerð með eins móðgandi hætti og unnt var af hálfu lögreglunnar. Í fangageymslunni hafi sér verið haldið föngnum án nokkurra skýinga. Þá hafi síðari aðgerðir lögreglunnar með því að gefa í skyn í sjónvarpi og dagblöðum, að stefnandi hafi verið hvatamaður að umræddum atburðum, mjög skert æru hans og valdið honum álitshnekki. Eigi stefnandi því skilyrðislaust rétt til skaðabóta samkvæmt framangreindum lagaákvæðum vegna hinnar ólögætu handtöku, harðræða af hálfu lögreglunnar, þegar honum var stungið inn í lögreglubifreið, geymslu í lögreglubifreið, þar sem m. a. áttu sér stað hættuleg átök milli lögreglu og annarra fanga, vistunar og frelsisskerðingar í fangaklefa ásamt fjölda annarra fanga, synjunar varðstjóra fangageymslunnar um

það að fá sjálfur að tilkynna aðstandendum um fangelsun sína, móðgandi og ærumeiðandi tilkynningar varðstjóra lögreglunnar til heimilis hans og meiðyrða og móðgandi aðdróttana yfirlögregluþjónsins í Reykjavík, sem hann gaf í embættisnafni til fjölmiðla.

Sýknuástæður stefnda eru þessar: Stefnandi tekur þátt í fundinum. Hann er þar ekki af tilviljun. Stefnandi hlustar á umræður og ályktanir. Hann veit, hvað til stendur og að hundsa á með góðu eða illu fyrir mæli lögreglunnar. Stefnandi reynir ekki að skilja sig frá fundarmönnum, hann er þvert á móti í miðri fylking kröfugöngumanna, þegar farið er út úr húsinu. Þrátt fyrir löglegt (og nauðsynlegt) bann lögreglunnar varðandi umferðarleiðir vildi stefnandi ekki sætta sig við þá greiðu og hindrunarlausu leið, sem lögreglan benti honum á (um Vonarstræti). Hann krafðist að fara sömu leið og kröfugöngumenn og gerðist þannig í verki hluttakandi í mótþróa þeim og samblæstri, sem þarna var í uppsiglingu. Auk þessa mótþróa stefnanda hafði hann í frammi alls óviðeigandi orðbragð gagnvart lögreglumönnum, sem var í senn móðgun og storkun gagnvart þeim í starfi sínu og hlaut auk þess að vera til þess fallið að æsa til áframhaldandi óeirða. Ef stefnanda var svo mikið í mun sem hann lætur að komast sem fyrst heim eða vera heima af einkaástæðum á heimilinu, þá átti hann annað hvort a) ekkert að fara á fundinn (fyrst hann taldi sig ekki vera þar í neinum erindum) eða b) að fara sem fyrst heim, og þá að sjálfsögðu þá leið, sem greiðust var og fljóttörnust, sbr. 4. lið. Hér er því auglýsingalega um tylliástæðu eina að ræða. Stefnandi var alls ekki fangelsaður, heldur færður af óeirðastað og teptur um stundarsakir á biðstofu lögreglunnar, meðan öldurnar lögði. Annað gerðist ekki. Því er algerlega neitað, að lögreglan hafi í nokkru orðið offara í starfi. Um mæli þau, sem höfð eru rétt eða ranglega eftir einstökum lögreglumönnum utan starfstíma þeirra og starfsmarka eru málssókn þessari óviðkomandi. Lögreglan var í sínum fyllsta rétti, eins og á horfðist, samblástur kröfugöngumanna var að komast á viðsjárvert stig og stefnandi þekktur og mikilsháttar áhrifa- og áróðursmaður, sem hún hlaut að skoða sem einn forgöngumannanna. Það átti og eftir að koma fram, að lögreglan ætti í fullu fangi, óeirðirnar færðust í aukana, og voru lögreglumenn barðir og hraktir, þ. á m. sparkað undir kvið þeirra, og raunar mildi að ekki hlutust slys af eða áverkar.

Samkvæmt 74. gr. stjórnarskrárinnar má lögreglan banna eða hafa eftirlit með mannsafnaði og mannfundum, ef „uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir“. Þetta ákvæði væri óvirkir og einskis-

virði, ef hægt er eftir á að elta lögreglumenn eða ríkisvaldið þeirra vegna með málssóknum og skaðabótakröfum, og það út af svo óverulegu hnjaski og töfum, sem hér var um að ræða og hlutað-eigandi mátti fyrst og fremst sjálfum sér um kenna.

Varakrafan um lækkun á bótafjárhæð er studd sömu rökum og sýknukrafan.

Eins og fram er komið hér að framan, tilkynntu félög þau, sem að margnefndum fundi stóðu í Tjarnarbúð, lögreglufirvöldum, að þau ætluðu að hafa hópöngu og blysför að honum loknum um tilgreindar götur í miðborginni, nánar tiltekið um Aðalstræti og Austurstræti að bandaríska sendiráðinu, og skyldi gangan hefjast frá Austurvelli. Eigi fengu þó fundarboðendur sérstakt leyfi lögreglufirvalda til þessarar ráðstöfunar. Á fundi í yfirstjórn lögreglunnar fundardaginn var samþykkt að leyfa ekki þá göngu-leið, sem fundarmenn boðuðu, og var reynt að ná til fyrirvars-manna þeirra til að ákvarða aðra leið. Náðist þó eigi til þeirra til viðræðna um ákvörðun lögreglunnar, svo að til árangurs mætti verða, fyrr en í lok fundarins. Jafnframt því að reyna að ná samkomulagi við fyrirvarsmennina í þessu skyni fóru lögreglumenn á fundarstað til að fylgja eftir samþykkt lögreglunnar, ef nauðsyn krefði. Sú varð raunin á, enda hluti fundarmanna kominn út úr húsinu og ætlaði að fara hina fyrirhuguðu leið.

Þessi ákvörðun og framkvæmd lögreglunnar að banna mönnum hina fyrirhuguðu leið fundarboðenda og beina þeim á aðra braut var lögreglunni heimil samkvæmt 10. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930 og var eigi brot gegn 74. gr. stjórnar-skrárinnar nr. 33/1944.

Stefnandi málsins hugðist leggja leið sína í átt að Austurvelli, er hann kom af fundinum, en var stöðvaður af lögreglunni.

Taldi stefnandi sér heimilt að fara þá leið um götur borgarinnar, sem sér hentaði, og lögreglumanninn skorta heimild til að aftra sér slíks. Lentu þeir tveir í orðasennu af þessu tilefni. Var stefnanda þó greið önnur leið frá fundarstað.

Það er ósannað í málinu, að stefnandi hafi hvatt aðra fundarmenn á staðnum til að virða bann lögreglunnar að vettugi. Synjun hans um að fara eftir fyrirmælum lögreglumannsins og orðasenna við hann fól hins vegar í sér móthróa gegn lögmætu banni og var til þess fallin að hafa áhrif á aðra fundarmenn í sömu átt. Var því lögreglumanninum heimilt að fjarlægja stefnanda frá hópnum og halda honum þaðan frá, meðan ókyrrð var.

Eigi liggur ljóst fyrir, hvar lögreglubifreiðin var staðsett, en

talið er, að hún hafi staðið á bifreiðastæði vestan við Alþingishúsið á bak við Vonarstræti 8, og eru lögmenn aðilja sammála um, að svo hafi verið. Stefnandi var ekki beittur líkamlegu valdi, er hann var fluttur í lögreglubifreiðina, enda sýndi hann ekki mótþróa við því. Hann var eigi látinn í fangaklefa, þótt honum væri haldið föngnum. Sú vist hans varaði í eina klukkustund, en þá var honum leyft að fara. Þessi vistun hans þykir hafa verið lögreglunni heimil af sömu ástæðu og hadtaka stefnanda svo og einnig það að meina honum sjálfum að hafa samband við heimili sitt.

Með vísan til alls þess, er hér að framan hefur verið rakið, þykir, eins og atvikum öllum er háttað, bresta næg skilyrði til skaðabóta til handa stefnanda úr hendi stefnda vegna handtöku hans í margnefnt skipti. Þá þykja ummæli, sem eftir Bjarka Elíassyni eru höfð, við fjölmiðla, þau er áður getur, eigi skapa stefnanda sjálfstæðan bótarétt úr hendi stefnda. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Samkvæmt 3. mgr. 154. gr. laga nr. 82/1961 greiðist málssóknarkostnaður stefnanda úr ríkissjóði, þar á meðal málssóknarlaun talsmanns hans, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans, sem hæfilega ákveðast kr. 155.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, saksóknari ríkisins og fjármálaráðherra, báðir f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar A. Magnússonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Málssóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málssóknarlaun talsmanns hans, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 15.000.00.